

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1969

Nr. 25.

232

23. apríl 1969.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Enn fremur er heimilt að gefa út B-flokk hlutamiða, svo og nýjan flokk, C-flokk, sem háðir séu tengdir við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

Nr. 26.

2. maí 1969.

L Ö G

um eftirlaun forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sá, sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands, á rétt til launa eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964 — í fyrstu 6 mánuði eftir að hann lætur af embætti. Nú tekur hann stöðu í þjónustu ríkisins og fellur þá niður þessi launagreiðsla, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.